


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Utgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	<b>Áfangaheiti (ENSK2RM05fjarnám)</b>	
	<b>Námsáætlun (Haustönn 2016)</b>	

<b>Kennari</b>	Anna Berglind Pálmadóttir	<b>Sk.st.</b>	ABP
----------------	---------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á að nemandinn verði vel læs á flóknari texta en í undanföllum og geti tjáð hugsun sína skýrt og rökstutt hana í ræðu og riti. Áhersla er lögð á lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Nemandinn vinnur sjálfstætt að viðameiri ritunarverkefnum svo sem rökfærsluritgerð eftir hefðbundinni uppsetningu og kynningum á þematengdu efni sem fela í sér öflun upplýsinga á bókasafni og af neti. Lestur og túlkun bókmenntaverka.

### Markmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu menningarsvæðum þar sem enska er notuð sem móðurmál eða fyrsta mál
- orðaforða til markvissrar notkunar í námi
- túlkun bókmenntaverka
- rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyrdingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag
- dýpri merkingu texta

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa margs konar texta, bæði fræðilega og bókmenntalega, sér til gagns og ánægju
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis
- tjá sig skýrt, munnlega og skriflega, um málefni sem hann hefur kynnt sér
- rita rökfærsluritgerð samkvæmt hefðbundnum aðferðum

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara gagnrýni á viðeigandi hátt
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óundirbúnum spurningum og athugasemdum
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt fyrir áheyrendum
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyrdingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlagi

### Námsgögn:

Allt námsefni, utan skáldsagna, er á Moodle, þ.m.t. smásagan "Bloodflowers", ásamt öðru itarefni frá kennara.

#### Valbækur:

Harper Lee, *To Kill a Mockingbird*, (allar óstytta útgáfur)  
Ray Bradbury, *Fahrenheit 451*, (allar óstytta útgáfur)


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>Áfangaheiti (ENSK2RM05fjarnám)</b> <b>Námsáætlun (Haustönn 2016)</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

### Áætlun um yfirferð:

Almennt	Verkefni
<b>Ritun</b> Undirbúningur ritgerðar. Fjallað um samningu efnisgreina og ritgerða.	Nemendur skila <b>beinagrind að ritgerð (2,5%)</b> í lok 2. viku og síðan <b>grófu uppkasti með gátlista (2,5%)</b> í lok 3. viku. Að lokum skila þeir <b>fullunninni ritgerð</b> sem byggð er á efnisyrdingu (thesis) og uppsett á hefðbundinn máta <b>(15%)</b> í 4. viku.
<b>Skáldverk - skáldsaga</b> Lesin skáldsaga og unnið með hana – Spurningaverkefni og umræður á Moodle til undirbúnings fyrir ritunarverkefni.	<b>Ritun (10%), umræður (10%) auk spurningaverkefna (5%).</b>
<b>Textar og orðmyndun</b> Unnið með texta og orðmyndun í textahefti. <b>Skáldverk – smásaga</b> Smásagan " <i>Bloodflowers</i> " lesin og verkefni unnið úr henni.	Ýmis verkefni tengd textum og orðmyndun unnin á Moodle. <b>Smásöguverkefni (5%).</b>

### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Ritunarverkefni	Ritunarverkefni úr skáldsögu	12%	
Umræðuþræðir/forums	Þátttaka í umræðuþráðum/forums tengdum skáldsögu (á Moodle)	5%	
Spurningaverkefni	Spurningaverkefni á Moodle úr skáldsögu	8%	
Ritgerð	Ritgerð byggð á efnisyrdingu (15%). Skil á beinagrind (2,5%), skil á uppkasti (2,5%).	20%	
Smásaga	Verkefni úr smásögu	5%	
Verkefni	Verkefni (quiz) unnin á Moodle yfir alla önnina	10%	
Lokapróf	Skriflegt lokapróf úr textum, orðmyndun og skilyrðissetningum.	40%	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	
<b>Annað:</b> Nemendur velja aðra valbókina til lestrar og vinna verkefni úr henni			


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>Áfangaheiti (ENSK2RM05fjarnám)</b> <b>Námsáætlun (Haustönn 2016)</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		


Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerðar eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

**Próf:**

Próf er tekið í skóla í heimabyggð nemandans. Það er tekið í desember á haustönn, en í maí á vorönn. Gefin verður út próftafla þar sem prófdagur fyrir þennan áfanga verður tiltekinn. Athugið að komi til þess að próftökustaður krefjist próftökugjalds af nemanda, semur nemandinn sjálfur um það og stendur skil á því við hlutaðeigandi aðila. Próftökugjald er ekki hluti af því gjaldi, sem greitt er til VMA. Kennari nemandans gerir nemandanum grein fyrir niðurstöðu prófsins, þegar fyrirgjöf fyrir það er lokið. Greinargerðin, ásamt einkunn, er send nemanda í tölvupósti. Auk þess er einkunn færð inn í bókhald skólans. Nemandi getur fengið útskrift skólaferils síns frá skrifstofu skólans.

**Réttur til breytinga áskilinn**

Dagsetning:  
  
 Undirritun kennara

  
 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils